

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2018
UST201804-200/R.K.
08.12.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn- Framleiðsluaukning úr 20 í 100 tonna landeldi í Ölfusi - Laxar fiskeldi ehf. Umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 24. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skal háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar við framleiðsluaukningu.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að auka landeldi laxa að Bakka í Ölfusi úr 20 tonnum í 100 tonn (hámarkslífmassi í stöðinni hverju sinni), þ.e. 80 tonna framleiðsluaukning. Laxar fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) stundar sjókvíaelði í Reyðarfirði auk þess að reka eldisstöð á Bakka og tvær seiðastöðvar í Fiskalóni og Þorlákshöfn í Ölfusi.

Fram kemur í greinargerð að hrognum verði klakið út á Bakka og seiðin alin í eldisstöðinni þar til þau ná 80 gramma þyngd. Tekur þetta 12-14 mánuði en að því loknu eru seiðin flutt í eldisstöð rekstraraðila í Þorlákshöfn. Fóðurgjöf verður tölvustýrð og gert ráð fyrir fóðurstuðlinum 1,3 á hvert framleitt kg. Allar upplýsingar um vöxt, afföll, fóðrun, seltu, hitastig o.fl. verða skráðar í eldisforritið Fishtalk.

Umhverfisáhrif

Helstu umhverfisáhrif eru; frárennsli, sammögnunaráhrif við núverandi starfsemi sem losar frárennsli í sama viðtaka, ásýnd og landslag svæðis.

Mannvirki

Í greinargerð kemur fram að stálgrindahús mun rísa þar sem nú standa útiker, auk þess sem loftarahús verður stækkað og útikerjum fjölgað. Fyrirhuguð stærð eldisrýmis verður þá alls 2.050 m³. Fram kemur í greinargerð að: „Til að rækta 100 tonn af laxaseiðum á ári

þarf 167 l/sek af ferskvatni og 3 l/sek af 110°C ferskvatni til upphitunar á eldisvatni“ (bls. 6). Stefnt er að því að súrefnisbæta og endurnýta eldisvatn til að minnka vatnsnotkun sem Umhverfisstofnun telur jákvætt. Gert er ráð fyrir að þörf sé að grafa 1-2 kaldavatnsborholur á svæðinu til nýtingar auk þeirra sem fyrir eru í notkun.

Dauðfiski er safnað saman af botni eldiskerja og hann urðaður en gera má ráð fyrir afföllum 0,4 tonn á hver 100 tonn skv. greinagerð. Umhverfisstofnun bendir á að þjónustusamningur við urðunarstað verður að liggja fyrir áður en framleiðsluaukning verður staðfest í nýju starfsleyfi rekstraraðila.

Ásýnd lands og skipulag

Á landsvæði fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar stendur nú 486 m² seiðaeldisstöð skv. greinagerð. Í ljósi núverandi landnotkunar á svæðinu telur Umhverfisstofnun að áhrif uppbyggingu mannvirkja vegna aukins eldis á Bakka á ásýnd lands séu óveruleg.

Eldisstöðin stendur á lóð I-9 (landnúmer 193186) skv. aðalskipulagi Ölfuss og er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki er minnst á deiliskipulag fyrir svæðið og minnir stofnunin á að ef ekki liggja fyrir samþykkt deiliskipulag þá er starfsleyfi ekki gefið út til lengri tíma en fjögurra ára skv. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Frárennsli

Frárennsli frá eldisstöðinni er veitt í gegnum tromlusíu í framræsluskurð sem liggur í túnjaðri samsíða þjóðvegi og er viðtakinn Ölfusá. Talið er að með þessari síun náist allt að 90% af uppleystum ögnum úr frárennsli skv. greinagerð.

Jafnframt kemur fram í greinargerð að seyru verði fargað á viðurkenndan hátt og klóaki veitt í rotþró í samráði við heilbrigðisnefnd. Umhverfisstofnun bendir á að í umsókn um nýtt starfsleyfi ber rekstraraðila að gera nánari grein fyrir förgun úrgangs frá eldinu og þeim leiðum sem farnar eru til að lágmarka mengun frá starfsemi með vísan í bestu aðgengilegu tækni fiskeldis. Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Árleg fóðurnotkun mun verða 130 tonn skv. greinagerð en í því má búast við 9,1 tonni af köfnunarefni, 1,3 tonn af fosfór skv. greinagerð. Af því er búist við því að 5,8 tonn af köfnunarefni og 0,8 tonn af fosfóri muni berast í eldisvatnið árlega. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að betur sé fjallað um síun frárennslis aukinnar starfsemi, áhrif þess á viðtakann og vöktun hans, m.t.t. samlegðaráhrifa við aðra starfsemi.

Skv. greinargerð verður vöktun á áhrifum losunar næringarefna í viðtakann stunduð með umhverfismælingum í samræmi við starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og tekið er fram í greinagerð að ef gætir áhrifa á viðtaka séu þau afturkræf og rekstri yrði hætt. Þó er ekki fjallað sérstaklega um Varmá/Þorleifslæk og þau áhrif sem aukið eldi gæti haft á þann viðtaka. Umhverfisstofnun telur að sýna þurfi fram á hver áhrifin eru með dreifingarlíkönunum eða umfjöllun um áhrif á lífríki Varmár/Þorleifslækjar en ekki aðeins Ölfusá.

Samlegðaráhrif

Þrjár aðrar seiðastöðvar eru í nágrenni við eldisstöðina á Bakka skv. greinargerð, þ.e. Fiskalón (20 tonna eldi á vegum rekstraraðila í 1 km fjarlægð), í Öxnarlæk (100 tonna eldi á vegum Samherja í 6 km fjarlægð) og eldisstöðin að Núpum III (150 tonna eldi á vegum Samherja í 4 km fjarlægð). Alls gerir það 290 tonna eldi á svæðinu en 370 tonna eldi með fyrirbyggjandi áformum um framleiðsluaukningu rekstraraðila. Í greinargerð tilkynningar segir að samlegðaráhrif við þessa starfsemi, vegna aukins álags fráveitu á sameiginlegan ferskvatnsviðtaka, séu engin. Þar kemur fram að frárennsli stöðvanna séu aðskilin, starfsemi hverrar stöðvar afmörkuð og óháð hvorri annarri og gæti því ekki samlegðar. Umhverfisstofnun bendir á að framræsluskurður við Bakka liggur niður að Varmá/Þorleifslæk og sameinast ekki í Ölfusá fyrr en á ósum við Lambeyrar. Umhverfisstofnun telur skorta umfjöllun um hvort hinar eldisstöðvarnar losi sína fráveitu einnig á þann hátt að hún sameinast í Varmá/Þorleifslæk og þaðan í Ölfusá. Telur Umhverfisstofnun umfjöllun um samlegðaráhrif umræddrar framleiðsluaukningar því ekki fullnægjandi í greinargerð. Fjalla þarf nánar um allt frárennsli í Ölfusá frá nálægum iðnaði á svæðinu, með þeirri hreinsun frárennslis eldisvatns sem rekstraraðilar fyrirhuga og möguleg áhrif þess á þau vatnshlot, sérstaklega ef það sameinast í fremur vatnslítilli á líkt og Varmá/Þorleifslæk, að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands (2013) þar sem Ölfusá er sett í óvissuflokk auk þess segir um Varmá: „*talið að nokkurt staðbundið álag sé á ánni m.a. frá fiskeldi í Ölfusi og staðbundinnar saurkóligerlamengunar í grennd við skólþútras*“ (bls 33). Að mati stofnunarinnar þarf að fjalla um hvaða áhrif aukið frárennsli frá starfsemi mun hafa á árnar út frá fyrirbyggjandi mati á álagi á þessi vatnshlot.

Vöktun og verndarsvæði

Í greinargerð er minnst á að starfsemin er í nálægð við svæði nr. 751. á náttúruminjaskrá Varmá/Þorleifslæk og Ölfusforir. Umhverfisstofnun bendir á að hitastig árinna er hærra en að jafnaði er í öðrum ám landsins og ber því að varast áhrif frárennslis á lífríki árinna sérstaklega. Í skýrslunni *Varmá, Hveragerð: Vöktun vatnsgæða 2001 – 2002* (2003) unnin fyrir Hveragerðisbæ, er tekið fram að „*Varmá hefur talsvert vísindalegt gildi auk kennslugildis, útivistargildis og landslagsgildis. [...] Ölfusforir eru viðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá er hluti af votlendissvæði Ölfusfora og styður það verndargildi hennar*“ (bls. 7).

Umhverfisstofnun vekur athygli á þeim athugasemdum og frávikum sem skráð hafa verið við eftirlit Umhverfisstofnunar frá 7. desember 2016 og 11. nóvember 2017. Í eftirlitsskýrslu 2016 var gerð athugasemd við hreinsun/síun á frárennsli auk þess sem fram kemur að áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar auk vöktunaráætlunar vantaði. Í eftirlitsskýrslu frá 2017 stendur: „*Sjáanlegar fódurleifar og grugg var í frárennslinu og einungis gróf rist til að hindra að fiskur sleppi út í viðtakann. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins skal forhreinsa frárennsli áður en það berst í viðtaka og það skal vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni fyrir fiskeldi. Unnið að hönnun frárennslisshreinsibúnaðar og er ráðgert að hann verði tekin í gagnið í seinasta lagi næsta sumar. Þá hefur verið farið yfir verkferla. Úrbætur verða*

teknar út í næsta reglubundna eftirliti“. Umhverfisstofnun minnir á að lagaleg krafa er að skilyrðum í starfsleyfi sé fylgt og er frávikum fylgt eftir með eftirfylgni um úrbætur.

Við aukið álag gæti farið svo að áin nái ekki settum markmiðum skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þarf vöktunaráætlun einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um hreinsun frárennslis og samlegðaráhrif framleiðsluaukningar við aðra starfsemi á svæðinu. Umhverfisstofnun kallar eftir frekari greiningu um ofangreind atriði til að geta lagt mat á hvort framkvæmdin sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjansdóttir
Sérfræðingur



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur